

Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristínar Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2016

Efni: Umsögn um mál nr. 803, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Með tölvubréfi dagsettu 29. september sl. var Sjúkraliðafélagi Íslands, SLFÍ, sent ofangreint frumvarp til umsagnar. SLFÍ er ekki sátt við frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Frestur til athugasemda er óvenju stuttur, eða tveir heilir virkir dagar. Um er að ræða afar stórt hagsmunamál, eins og sést af tölum sem nefndar eru í frumvarpinu, og er frestur þessi því allt of stuttur. Athugasemdir sem hér fara á eftir eru því hvorki tæmandi né svo ítarlegar sem æskilegt væri, en þeim er hér með komið á framfæri þrátt fyrir þessa aðstöðu.
2. SLFÍ fær ekki betur séð en að í frumvarpinu felist skerðing á lífeyrisréttindum. Lífeyrisréttindi eru varin af stjórnarskrá. Að þessu hefur greinilega verið hugað í frumvarpinu með ákvæðum til mótvægis, en þau eru ekki nægilega skýr og ekki tryggt með þeim að lífeyrisréttindi skerðist ekki.
3. Í frumvarpinu er mikið gert úr samráði við launþegahreyfinguna. Í öllum þeim viðræðum, sem fram hafa farið, hefur útgangspunkturinn verið að breyta lífeyriskerfinu til framtíðar jafnframt því sem launamunur milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera yrði jafnaður. Frumvarpið, sem hefur litið dagsins ljós og hér er til umfjöllunar, fjallar eingöngu um síðarnefnda þáttinn, og þá á þann hátt að lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna er umturnað í einu vettvangi. Vinna við jöfnun launamunar er hins vegar vart hafin, en eðlilegt hefði verið að vinna þessi mál samhliða. Það hallar því verulega á launþega í þessu frumvarpi, og lúta áhyggjur SLFÍ að því að ekki er nægilega ljóst hvað komi í staðinn. Frumvarpið í núverandi mynd felur í sér einhliða kjara- og réttindaskerðingu.
4. SLFÍ tekur að öllu leyti undir einstakar athugasemdir BSRB við frumvarpið og vísar til þeirra.
5. Sjúkraliðastéttin er að miklum meirihluta kvennastétt og starf sjúkraliða er gríðarlega krefjandi líkamlega. Því hefur SLFÍ lagt áherslu á að fá samþykkt lagabreytingu þess efnis að sjúkraliðar geti hafið lífeyristöku við 65 ára aldur á sömu forsendum og gilda um lögreglumenn. Mismunandi reglur að þessu leyti í dag eru í raun mismunun gagnvart

kvennastéttinni, sem brýn ástæða er til að lagfæra. Frumvarpið í núverandi mynd tekur ekki á þessu með neinum hætti.

6. Fjölmargir sjúkraliðar, sem eru sjóðfélagar í A-deild LSR, starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum, sem eru fjármagnaðar af ríkinu samkvæmt þjónustusamningum við það, en eru hvorki ríkisstofnanir né stofnanir sveitarfélaga. Ástæða er til að orða ákvæði b-liðar 7. gr. frumvarpsins um rétt þessara sjóðfélaga til lífeyrisauka skýrar en nú er gert. Í athugasemdum með frumvarpinu er ljóst að réttur þeirra eigi að vera samsvarandi og réttindi ríkisstarfsmanna og starfsmanna sveitarfélaga. Rétt er að þetta komi skýrt fram í ákvæðinu sjálfu.
7. SLFÍ bendir að síðustu á að í frumvarpinu virðist greinarmunur gerður á rétti „virkra greiðandi sjóðfélaga” og annarra sjóðfélaga. SLFÍ leggur áherslu á að jafnræðis verði gætt gagnvart öllum.

Virðingarfyllst,

f. h. SLFÍ,

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður